



DALABYGGÐ

Fréttabréf Dalabyggðar

1. tbl. 2. árg. apríl 2001

Útgefandi: Dalabyggð www.dalir.is

Ábm. Einar Mathiesen, sveitarstjóri

Meðal efnis

Ágæti viðtakandi meðal efnis í þessu fréttabréfi er fjárhagsáætlun sveitarsjóðs árið 2001, frétt um sölu saufjárkvóta, fréttir af borgarafundi og kynning á nýjum byggingarfulltrúa. Þá er rétt að minna á auglýsingar og tilkynningar.

Fjárhagsáætlun 2001

Á fundi sveitarstjórnar þann 26. febrúar s.l. var fjárhagsáætlun fyrir árið 2001 samþykkt samhljóða við síðari umræðu.

Helstu forsendur áætlunarinnar eru eftirfarandi:

- ✓ Gert er ráð fyrir að ráðstöfunartekjur verði í heild um 3% hærrí en á árinu 2000.
- ✓ Gert er ráð fyrir að verðlagsbreyting milli ára mæld með framfærsluvísitölu nemi 5%.
- ✓ Gert er ráð fyrir að launakostnaður hækki að meðaltali um 5 – 10% eftir starfsstéttum.
- ✓ Gert er ráð fyrir óbreyttu vaxtastigi frá fyrra ári.
- ✓ Gert er ráð fyrir aðhaldi í rekstri sveitarfélagsins.

Helstu niðurstöður áætlunarinnar eru eftirfarandi:

- ✓ Gert er ráð fyrir að skatttekjur sveitarsjóðs nemi 164,9 millj. kr.
- ✓ Gert er ráð fyrir að rekstur málaflokka nemi 127,6 millj. kr. nettó eða 77,4% af skatttekjum.
- ✓ Gert er ráð fyrir að fjárfestingar nemi 37,4 millj. kr. nettó en 14,0 millj. kr. að frádragnum tekjum.
- ✓ Gert er ráð fyrir að greiða niður skammtímaskuldur sveitarsjóðs sem stofnað var til á síðasta ári vegna framkvæmda og verkefna á vegum

Hitaveitu Dalabyggðar ehf. og Dalagistingar ehf. en þær námu um 145,0 millj. kr. um síðustu áramót.

- ✓ Ekki er gert ráð fyrir lántökum á árinu.

Áhugasamir geta nálgast eintak af áætluninni á skrifstofu Dalabyggðar.

GLEÐILEGT SUMAR



Sveitarstjórn Dalabyggðar óskar íbúum Dalasýslu gleðilegs sumars.

Skipulags- og byggingarfulltrúi

Þorvaldur Þorvaldsson, byggingaverkfræðingur, hefur verið ráðinn í starf skipulags- og byggingarfulltrúa hjá byggingarfulltrúaembætti Dala- og A.-Barðastrandarsýslu, Árnes-, Kirkjubóls-, og Broddaneshreppi í Strandasýslu með aðsetur í Búðardal. Þorvaldur útskrifaðist frá verkfræðideild Háskóla Íslands árið 1994 og lauk meistaranámi (M.Sc.) í byggingaverkfræði frá DTU í Kaupmannahöfn árið 1998. Þorvaldur er kvæntur Díönnu Ósk Heiðarsdóttur og eiga þau tvö börn.

Fréttabréfið býður Þorvald velkomin til starfa.

Auglýsing frá hitaveitunni

Ráðstöfun á styrk skv. 3. gr. um úthlutun styrkja til lagningar nýrra hitaveitna og aðlögunartími sbr. 2. mgr. gr. sömu reglna (iðnaðarráðuneyti nóv. 1999).

Eigendur húsa með rafmagnspilofnum

fái styrk að upphæð kr. 120.000,-
Lögbýli í ábúð fá auki sérstakt álag sem nemur 100%.

Eigendur húsa með vatnsöfnunum fá styrk sem hér segir:

Íbúðarhúsnæði þar sem stækka þarf ofnakerfi vegna lægra hitastigs vatns frá hitaveitunni fá styrk í hlutfalli við stækkun hitakerfis sem hér segir:

10% stækkun hitakerfis jafngildi 20% styrk til pilofnahúsa o.s.frv.

20% stækkun hitakerfis jafngildi 30%.

30% stækkun hitakerfis jafngildi 40%.

40% stækkun hitakerfis jafngildi 50%.

Lögbýli í ábúð fá auki sérstakt álag sem nemur 100%.

Þar sem ofnakerfi eru blönduð þ.e. pilofnar og vatnsöfnar eru styrkir greiddir í hlutfalli við samsætningu kerfanna.

Aðlögunartími sbr. 2. mgr. 8. gr. verði til 31. júlí 2001. Að þeim tíma loknu falla niðurgreiðslur niður og kostnaður við húshitun með rafmagni hækkar sem því nemur.

Ofangreindir styrkir koma til lækkunar á tengigjöldum.

Framkvæmdastjóri

Borgarafundur 9. apríl.

Sveitarstjórn boðaði til borgarafundar í Dalabúð á dögnum um málefni sveitarfélagsins. Fundurinn var vel sóttur. Oddviti, sveitarstjóri og formaður byggðarráðs, fluttu

framsöguerindi. Fjárhagsáætlun sveitarsjóðs 2001 ásamt rekstrar- og fjárhagsáætlun hitaveitunnar fyrir árin 2001 – 2025 voru sérstaklega kynntar. Líflegar umræður urðu um hin ýmsu mál. Fundur af þessu tagi er jákvætt innlegg í samfélagsumræðuna.

Bændur selja sauðfjárvóta

Þann 15. október á síðasta ári rann út sá frestur sem bændur höfðu til selja (innleysa) greiðslumark í sauðfé. Alls voru seld 2.226 ærgildi í Dalabyggð frá 14 aðilum. Ærgildum í sveitarfélaginu fækkaði úr 20.637 í 18.411 eða um 12,09%. Lauslega reiknað nema greiðslur ríkissjóðs til bænda í Dalabyggð vegna þessara uppkaupa um 49,0 millj. kr. Ærgildum á Vesturlandi fækkaði um samtals 6.318 eða 10,57%.

Áskrift fundargerða sveitarstjórnar

Þeir sem áhuga hafa á að vera í áskrift að fundargerðum sveitarstjórnar eru beðnir að hafa samband við skrifstofu sveitarfélagsins. Fyrri áskrift þarf að endurnýja. Áskriftargjald er kr. 2000,-. Gert er ráð fyrir að senda út fundargerðir mánaðarlega.

Einnig er hægt að nálgast fundargerðir endurgjaldslaust á heimasíðu Dalabyggðar www.dalir.is.

Sveitarstjóri

Meðal efnis í næsta fréttabréfi:

- ✓ Dvalar- og fræðasetur á Laugum.
- ✓ Framkvæmdir á Bröttubrekku.
- ✓ Tilkynningar og auglýsingar

Með kveðju frá ritstjóra